



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

DAGSKRÁ

36. STARFSÁR





Ávarp listræns stjórnanda

Það er gleðiefni að fylgja úr hlaði dagskrá Listvínafélags Hallgrímskirkju fyrir 36. starfsár. Hér er lögð fram litprentuð skrá með fyrirheitum um áframhaldandi listaveislu í Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð. Söngur, orgelspil og myndlist umvefja gesti í Hallgrímskirkju alla daga í takti við hrynjanda kirkjuársins. Jól, fasta, páskar, alþjóðlegt orgelsumar, sálmafoss, allt er á sínum stað eins og það hefur verið lengi, lengi. Fjöldi söngvara og hljóðfæraleikara eru kallaðir til þjónustu við helgidóminn, við boðskap kirkjunnar og við þann mikla fjölda fólks, bæði heimamanna og erlendra gesta, sem leggur leið sína í þessa stórfenglegu byggingu. Megi áfram blessast starf Listvínafélags Hallgrímskirkju, öll þau sem starfa fyrir félagið, öll þau sem njóta ávaxtanna og öll þau sem með einum eða öðrum hætti styðja þetta starf.

Gleðilegt 36. starfsár Listvínafélagsins!

Hörður Áskelsson

Þakkir fá:

Hallgrímskirkja, sóknarnefnd og starfsfólk
Stjórn Listvínafélags Hallgrímskirkju
Mótettukór Hallgrímskirkju
Schola cantorum
Apotek-restaurant
BB merkingar
Blómagallerí
Blómaval
Efnaugin Björg
Gunnar Eggertsson ehf
Hótel Holt
Hraði efnalaug

Höldur bílaleiga
12 TÓNAR
Kirkjuhúsið
Mál og menning
MAk - Menningarfélag Akureyrar
Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar
Room with a view
Tónaflóð
Tónlistarsjóður
Upplifun, bækur og blóm
Vinnuskóli Reykjavíkur

Hafsteinn Sv. Hafsteinsson uppsetning, Erla Elín Hansdóttir, Halldór Hauksson, Erlingur Þórsson, Magnús Valur Pálsson, Margrét Bóasdóttir, Oktavía Ágústsdóttir, Áskell Harðarson, Harpa B. Hjarðar, Inga Harðardóttir, Sólveig Anna Aradóttir, Tryggvi M. Baldvínsson, Tuomo Suni, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Örn Geirsson

Listamenn, starfsfólk, sjálfboðaliðar, listvinir og allir þeir sem styðja hið blómlega starf Listvínafélagsins.
Ljósmyndir: Gunnar Freyr Steinsson, Kristín Bogadóttir, Hrefna Harðardóttir, Inga Rós Ingólfssdóttir.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLADUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2017

1. – 31. DESEMBER

HÁDEGISJÓL MEÐ SCHOLA CANTORUM



FÖS. 1. DES. KL. 12–12.30 | FÖS. 8. DES. KL. 12–12.30 | FÖS. 15. DES. KL. 12–12.30

Hinn framúrskarandi kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin sem „Tónlistarflytjandi ársins“ í mars sl. ásamt stjórnanda sínum Herði Áskelssyni.

Kórinn flytur fagra aðventu- og jólasöngva, sem koma öllum í jólaskapið!

Einsöngvarar eru úr röðum kórfélaga. Stjórnandi Hörður Áskelsson.

Miðaverð: 2500 kr. / afsl. verð 2000 kr. / 1250 kr. fyrir listvini og nemendur

HÁTÍÐARMESSA Á 1. SUNNUDEGI Í AÐVENTU

3. DES. SUNNUDAGUR KL. 12.15

Biskup Íslands Frú Agnes Sigurðardóttir prédikar og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur hátíðartónlist tengda 1. sunnudegi í aðventu.

Stjórnandi Hörður Áskelsson. Organisti Björn Steinar Sólbergsson.

Hátíðarmessan við upphaf 36. starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju markar upphaf jólasöfnunar fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

25 ÁRA AFMÆLI KLAISORGELSINS

13. DESEMBER MIÐVIKUDAGUR KL. 20

Organistar Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson og Björn Steinar Sólbergsson leika jólatónlist og önnur glæsileg verk tengd vígslu orgelsins á hið völduga Klaisorgel kirkjunnar, sem á 25 ára afmæli þennan dag. Hörður, sem hefur verið organisti við kirkjuna í 35 ár, stiklar á stóru úr 25 ára sögu orgelsins.

Léttar afmælisveitingar og spjall í suðursal að tónleikunum loknum.

ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir hjartanlega velkomnir!

BIRTING – SÝNINGAROPNUN

3. DES. SUNNUDAGUR 12.15

Opnun nýrrar listsýningar við messulok. Erlingur Páll Ingvarsson sýnir ný verk í forkirkjunni.

Léttar veitingar í suðursal. ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir velkomnir!

Sýningin er tileinkuð birtingu, ljóskomu í sinni margþættu mynd sem vísar meðal annars til barns, boðbera ljóss og friðar í hugum kristinna manna og til rísandi sólar aflgjafa vaknandi lífs í náttúrunni. (Erlingur Páll Ingvarsson)

Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir. Sýningin stendur til 18. febrúar 2018.



JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRSINS MEÐ ELMARI GILBERTSSYNI

LAUGARDAGINN 9. DES. KL. 17 – SUNNUDAGINN 10. DES. KL. 17

O MAGNUM MYSTERIUM



FLYTJENDUR

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

EINSÖNGUR: **ELMAR GILBERTSSON TENÓR**

ORGELLEIKUR: **BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON**

STJÓRNANDI: **HÖRÐUR ÁSKELSSON**



Í ár verður einstaklega hátíðlegur og hugljúfur bragur á tónleikunum í fagurlega skreyttri kirkjunni!

Á efnisskránni eru þekktir jólasálmar, íslenskar og erlendar jólaperlur, m.a. „Ó helga nótt“ eftir Adams og verk eftir Eccard, Lauridsen, Poulenc, Victoria og Whitacre.

Mótettukór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur margvíslegar viðurkenningar fyrir vandaðan og fagan söng sinn og hlaut m.a. þrenn gullverðlaun í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni 2014, hefur um árabil glatt tónleikagesti sína með hrifandi jólatónleikum á aðventunni.

Elmar Gilbertsson tenór var valinn „Söngvari ársins í sígildri tónlist“ á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á þessu ári.

Aðgangseyrir: 5.900 / eldri borgarar 4.900 kr. / 3000 kr. f. félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju, nemendur og öryrkja.

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

30. DES. LAUGARDAGUR KL. 16.30 (ATH. NÝJAN TÍMA)

31. DES. GAMLÁRSDAGUR 16.30 (ATH. BREYTTAN TÍMA)

Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur. Trompetleikararnir Eiríkur Örn Pálsson, Einar St. Jónsson og Baldvin Oddsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir J.S. Bach, Albinoni o.fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félaga koma öllum í áramótaskapið!

Vegna gríðarlegra vinsælda er nú gerð tilraun með að bæta við tónleikum 30. des.

Aðgangseyrir: 4.500 kr. / eldri borgarar 4000 kr. / 50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.





DAGSKRÁ 2018

TÓNLISTARMENN FRAMTÍÐARINNAR LISTAHÁSKÓLINN Í HALLGRÍMSKIRKJU I „MYRKIR MÚSÍKDAGAR“

27. JANÚAR 2018 FÖSTUDAGUR KL. 14.00

Blönduð tónleikadagskrá þar sem áhersla er lögð á ný tónverk tónsmíðanema tónlistardeildar ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir velkomnir!



MISERERE – TÓNLEIKAR SCHOLA CANTORUM

4. FEBRÚAR 2018 SUNNUDAGUR KL. 20

Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, sem hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir söng sinn, flytur hrifandi kórtónlist eftir John Sheppard, James MacMillan og Kjell Mörk Karlсен. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. / eldri borgarar 3.000 kr. / 50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og féлага í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

RÉTTLÆTI – SÝNINGAROPNUN

25. FEBRÚAR 2018 SUNNUDAGUR KL. 12.15

Opnun myndlistarsýningar við messulok. Kristín Reynisdóttir myndlistarkona sýnir.


Léttar veitingar í suðursal. ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir hjartanlega velkomnir!

Sýningin fjallar um réttlæti, og veltir upp spurningunni hvar baráttan fyrir réttlæti er stödd í ljósi þess hversu mörgum hælsleitendum hefur verið vísað úr landi. Stuðst er við staðreyndir og í fagurfræði er vísað í kross kristinnar trúar.

Ýmsir heimspekingar hafa í gegnum tíðina fjallað um réttlæti, enda er það ein af dyggðunum sjö. Þeirra á meðal er Páll heitinn Skúlason, en hann ritaði eftirfarandi í Pælingar III:

„Réttlætið er ekki ávallt að fá það sem menn eiga skilið miðað við verðleika, heldur einfaldlega að fá að vera til hvað svo sem menn hafa til síns ágætis. Það réttlæti sem mestu skiptir er að njóta virðingar sem fullgildir meðlimur mannfélagsins – hvernig svo sem ástatt er fyrir manni og hverjir sem verðleikar manns, kostir, eða gallar eru.“ (Kristín Reynisdóttir)

Sýningin stendur til 13. maí. Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir.



HEYR BÆNIR MÍNAR – „HEAR MY PRAYER“

FÖSTUTÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU



11. MARS SUNNUDAGUR KL. 17

Mótettukórinn flytur hrifandi föstutónlist eftir Purcell, Lauridsen, Withacre o.fl. Kórinn, sem er einn af burðarásunum í helgihaldi og listastarfi Hallgrímskirkju, telur nú um 60 söngvara og hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir vandaðan söng sinn. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Miðaverð 3.500 kr. (hálfvirði fyrir listvini).

Miðasala við innganginn og á midi.is.

EVENSONG

24. MARS LAUGARDAGUR KL. 17.00

Kings Voices, sem er blandaður kór frá King's College í Cambridge, heimsækir Ísland og heldur tónleika í Reykjavík ásamt því að syngja Evensong í Hallgrímskirkju. Stjórnandi kórsins er Ben Parry. Mikill tónlistarflutningur einkennir þetta fallega breska messuform og verða flutt verk fyrir a cappella kór og kór með orgelundirleik. Nánar auglýst síðar.

ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir hjartanlega velkomnir!

Kórinn kemur einnig fram í messu í Hallgrímskirkju á pálmisunnudag 25. mars kl. 11.

GETSEMANESTUND – SCHOLA CANTORUM

29. MARS SKÍRDAGUR KL. 20.00.

Sérstök stemmning ríkir á skírdagskvöld í Hallgrímskirkju, þegar altarið er afskrýtt við hátíðlega athöfn og helgiklæði Unnar Ólafsdóttur er sett fram í tilefni föstudagsins langa. Stundin hefst með messu með altarisgöngu og síðan tekur Getsemanestundin við þ.s. Schola cantorum syngur fallega endurreisnartónlist.

ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir hjartanlega velkomnir!

MATTEUSARPASSÍAN EFTIR J.S. BACH

30. MARS FÖSTUDAGURINN LANGI KL. 18

„Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“

Eitt mesta stórvirki tónbókmenntanna flutt í samvinnu við Menningarfélag Akureyrar.

Alls koma um 100 flytjendur fram við flutning verksins, sem er samið fyrir sjö einsöngvara, tvo kóra, tvær hljómsveitir og barnakór. Stjórnandi er Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi Listvinafélagsins, en hann hefur stjórnað öllum stærstu verkum J.S. Bach með kórum sínum í Hallgrímskirkju við frábærar undirtektir. Það er Listvinafélagi Hallgrímskirkju gleðiefni að vera í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar um þennan stóra viðburð.

Flytjendur: Skosk/Íslenska sópranstjarnan Hannah Morrison, Kristinn Sigmundsson bassi (Jesús), Valdemar Villadsen guðspjallamaður, Elmar Gilbertsson tenór, Hildigunnur Einarsdóttir alt, Oddur Arnþór Jónsson bassi, Kammerkórinn Hymnodia og Kammerkór Norðurlands, Barnakór Akureyrarkirkju og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Matteusarpassi J.S. Bachs verður einnig flutt í Hofi á Akureyri á skírdag 29. mars kl. 16.

Miðaverð 7.900 kr. Miðasala í Hallgrímskirkju og hjá MAK (í Hofi Akureyri). 5.400 kr. fyrir listvini.

Í samvinnu við MAK – Menningarfélag Akureyrar.



TÓNLISTARMENN FRAMTÍÐARINNAR

LISTAHÁSKÓLINN Í HALLGRÍMSKIRKJU II

28. APRÍL LAUGARDAGUR KL. 14

Tónleikadagskrá til heiðurs fjórum tónskáldum sem fagna, eða hefðu fagnað stórafmæli á árinu, en þau eru: Jórunn Viðar (100 ára), Jón Ásgeirsson (90 ára), Atli Heimir Sveinsson (80 ára) og Þorkell Sigurbjörnsson (80 ára).

ÓKEYPIS AÐGANGUR – allir velkomnir!

ÁHEIT/VOTIVE - OPNUN SUMARSÝNINGAR VIÐ MESSULOK

20. MAÍ HVÍTASUNNUDAGUR KL. 12.15

Inga Sigríður Ragnarsdóttir sýnir ný verk í forkirkjunni, en hún er búsett í Þýskalandi og virk sem myndlistarmaður bæði þar og hér á landi.

ÓKEYPIS AÐGANGUR—allir hjartanlega velkomnir.

Áheit/Votive eru myndir og form sem í aldir hafa verið myndrænt tákna fórna eða gjafa til guðs tengt bæn um björg úr stakri neyð. Votive gjafir þekkjast í ólíkum menningum og má finna allt frá dögum Rómverja en í kristnum kirkjum í Mið-Evrópu eiga þær einstakan sess. Á Íslandi er Strandakirkja þekktasta dæmi áheita af þessu tagi en fórnin (áheitið) hefur sjaldan fengið myndræna túlkun. Verk Ingu er hugleiðing slíkra áheita. (Inga Sigríður Ragnarsdóttir)

Sýningin stendur fram á haust.

Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir.



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

16. júní til 19. ágúst

FRÁBÆR TÓNLEIKAUPPLIFUN FJÓRUM SINNUM Í VIKU!

Hinir vinsælu og vel sóttu sumartónleikar, sem nú eru haldnir 26. sumarið í röð.

Tónleikarnir eru á sunnudögum kl. 17.00 (klukkustund) og fimmtudags- og laugardagshádeggi kl. 12.00 (hálf tími).

Á Alþjóðlegu orgelsumri 2018 koma fram konsertorganistar í fremstu röð frá ýmsum löndum:

16. júní kl. 12.00	Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík
17. júní kl. 17.00	Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík
23. júní kl. 12.00	Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík
24. júní kl. 17.00	Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík
30. júní kl. 12.00	Irena Chribkova, Basilika heilags Jakobs, Prag
1. júlí kl. 17.00	Irena Chribkova, Basilika heilags Jakobs, Prag
7. júlí kl. 12.00	Winfried Böinig, Dómkirkjan í Köln
8. júlí kl. 17.00	Winfried Böinig, Dómkirkjan í Köln
14. júlí kl. 12.00	Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastián
15. júlí kl. 17.00	Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastián
21. júlí kl. 12.00	Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, París
22. júlí kl. 17.00	Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, París
28. júlí kl. 12.00	Thierry Mechler, Kölnerfilharmonían
29. júlí kl. 17.00	Thierry Mechler, Kölnerfilharmonían
4. ágúst kl. 12.00	Elke Eckerstorfer, St. Augustin, Vínarborg
5. ágúst kl. 17.00	Elke Eckerstorfer, St. Augustin, Vínarborg
11. ágúst kl. 12.00	Hans-Ola Ericsson, Montreal, Kanada
12. ágúst kl. 17.00	Hans-Ola Ericsson, Montreal, Kanada
19. ágúst kl. 17.00	Hannfried Lucke, Mozarteum, Salzburg



Hádegistónleikar Schola cantorum verða alla miðvikudaga kl. 12.00, þ.s. kórinn syngur fjölbreytta efnisskrá með þverskurði af efnisvali kórsins gegnum árin. Kórinn býður upp á kaffi eftir tónleikana, en sú nýbreytni vakti mikla lukku undanfarin sumur!

Í hádeginu á fimmtudögum verða orgeltónleikar með íslenskum organistum.

Sérprentuð dagskrá Alþjóðlegs orgelsumars verður birt vorið 2018.

Aðgangur að Alþjóðlegu orgelsumri er ókeypis fyrir félaga í Listvínafélagi Hallgrímskirkju.



MENNINGARNÓTT

18. ÁGÚST LAUGARDAGUR KL. 15–21

Samfelld dagskrá allan daginn í Hallgrímskirkju undir heitinu Sálmafoss með fjölbreyttri efnisskrá með kórum, hljóðfæraleikurum og Klaisorgelinu.

Ókeypis aðgangur – allir velkomnir!

Nánar auglýst síðar.

KLAIORGELIÐ – ORGELTÓNLEIKAR

29. SEPTEMBER SUNNUDAGUR KL. 17

Orgeltónleikar með James D. Hicks, frábærum bandarískum organista sem hljóðritar geislaflötu með Klaisorgelinu í röð geisladiska með norrænni orgeltónlist á nokkur af merkustu orgelum Norðurlandanna.

Miðaverð 2500 kr. Hálfvirði fyrir listvini. Miðasala við innganginn og á midi.is.



REQUIEM

4. NÓVEMBER SUNNUDAGUR KL. 17

Schola cantorum og hljóðfæraleikarar flytja Requiem eftir Alfred Schnittke ásamt fleiri verkum tengdum allra heilagra messu.

Miðaverð: 4.900 kr. / 4000 kr. – hálfvirði fyrir listvini.

LISTAHÁSKÓLINN III

18. NÓVEMBER LAUGARDAGUR KL. 14

Priðju og síðustu tónleikarnir í samstarfi Listvinafélags Hallgrímskirkju og tónlistardeildar Listaháskóla Íslands á 36. starfsárinu.

Blönduð tónleikadagskrá þar sem kór tónlistardeildar er í forgrunni.

AÐGANGUR ÓKEYPIS!



VILT ÞÚ GERAST LISTVINUR?

Vilt þú gerast listvinur og styðja með því mikilvægt listastarf í Hallgrímskirkju? Allir listunnendur geta orðið félagar, hvar á landinu sem þeir búa.

Vinsamlega sendu tölvupóst á list@hallgrimskirkja.is, með nafni, heimilisfangi, kennitölu og netfangi eða fylltu út eyðublað, sem liggur frammi í Hallgrímskirkju.

Árgjald: 7000 kr. / Afsláttarverð: 5000 kr. (eldri borgarar og nemendur yngri en 26 ára)

/ Árgjald hjóna: 6000 kr. á mann.

Listvinir fá 30-50% afslátt á tónleika Listvinafélagsins og er boðið á alla orgeltónleika Alþjóðlegs orgelsumars.

FÉLAGSSKÍRTEINI Listvinafélagsins veitir afslátt hjá eftirtöldum fyrirtækjum:

12 TÓNAR Skólavörðustíg 15, 15% - Blómagallerí Hagamel 67, 10%

Blómaval 10% - Kirkjuhúsið Laugavegi 31, 10 % - Hraði fatahreinsun Ægissíðu 110, 20%

Efnalaugin Björg Háaleitisbraut 58-60, 20%, Mál og menning Laugavegi 18, 10% UPPLIFUN, bækur og blóm, Hörpu 15%.

Miðasala fer fram í Hallgrímskirkju s. 510 1000, opið daglega 9–17 og 9–21 1. maí–1.okt.

Einnig á MIDI.IS fyrir stærri viðburði.

Listvinafélag Hallgrímskirkju var stofnað haustið 1982.

Markmið þess er að halda uppi því öfluga listastarfi, sem byggt hefur verið upp sl. 35 ár við Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Félagið skipuleggur 50–60 tónleika á ári, m.a. undir merkjum Jólatónlistarhátíðar í Hallgrímskirkju og Alþjóðlegs orgelsumars og skipuleggur fjórar myndlistarsýningar árlega í forkirkju Hallgrímskirkju með viðurkenndum listamönnum.

Listvinafélagið styður einnig við fjölbreyttan og vandaðan tónlistarflutning í helgihaldi kirkjunnar ásamt kórum kirkjunnar og margir gestakórar koma fram á þess vegum. Sálmafoss er orðinn einn af föstum viðburðum á Menningarnótt í Hallgrímskirkju.

Nýsköpun skipar stóran sess í starfi Listvinafélagsins og hafa fjölmörg verk íslenskra höfunda verið frumflutt á vegum Listvinafélagsins, tónverk, frumsamin ljóð, sálmar, leikrit, myndlistasýningar o. fl.

Listvinafélag Hallgrímskirkju er bakhjarl Kirkjulistahátíðar.

STJÓRN LISTVINAFÉLAGS HALLGRÍMSKIRKJU Á 36. STARFSÁRI SKIPA:

- Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi
- Sigurður Sævarsson tónskáld, formaður
- Rósa Gísladóttir myndlistarkona
- Dr. Snorri Sigurðsson náttúrufræðingur
- Sveinn Yngvi Egilsson prófessor í íslenskum bókmenntum
- Ævar Kjartansson cand. theol. útvarpsmaður

Varamenn:

- Benedikt Ingólfsson söngvari
- Þórhallur Vilhjálmsson markaðsfræðingur

Listrænn stjórnandi er Hörður Áskelsson,
kantor Hallgrímskirkju, hask@hallgrimskirkja.is

Framkvæmdastjóri er Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari
s. 696 2849, ingaros@hallgrimskirkja.is



THE HALLGRIMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 36TH SEASON

The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society is proud to present this coming season's programme, starting with the annual Christmas Music Festival December 1 – 31 2017. The society was founded in 1982 and aims to support and maintain powerful artistic activities in Hallgrímskirkja.

The society executes about 50–60 concerts every year and four fine arts exhibitions in the church. The programme this year includes four fine art exhibitions, choir and organ concerts, the International Organ Summer 2018 with internationally acknowledged concert organists and three concerts showcasing students of the Iceland Academy of the Arts. All events are shown in English on our events calendar – LISTVINAFELAG.IS